


GRINDAVÍK

EINELTI Á VINNUSTAÐ

Samanburður 2010, 2011, 2013 og 2015

Hjördís Sigursteinsdóttir

Nóvember 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
EINELTI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	6
ORÐIÐ FYRIR EINELTI	7
GERENDUR Í EINELTINU Á VINNUSTAÐ	8
VITNI AÐ EINELTI Á VINNUSTAÐ	9
SAMANTEKT	11

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? 2010-2013	6
Mynd 2. Já, ég hef orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.....	7
Mynd 3. Hver var gerandinn í eineltinu?	8
Mynd 4. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?	9
Mynd 5. Hverjir hafa verið gerendur í eineltinu sem þú varst vitni að?	10

INNANGUR

Að verða fyrir einelti og annarri áreitni á vinnustað hefur alvarlegar afleiðingar fyrir bæði þolandann og vinnustaðinn og einelti hefur jafnvel verið talið meiri skaðvaldur fyrir þolendur heldur en öll önnur vinnutengd streita samanlögð.

Í reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum er einelti skilgreint sem: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir. Vinnuverndarlögin (Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum 46/1980) og reglugerðin um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum skylda vinnuveitendur til að vernda starfsfólk fyrir af hendi þriðja aðila, til dæmis nemenda eða skjólstæðinga/þjónustuþega, og jafnframt ber vinnuveitendum að bregðast við til að tryggja góða líðan starfsfólks í kjölfar kvörtunar vegna eineltis vinnustað, hvort sem niðurstaða athugunar er sú að um slíkt hafi verið að ræða eða ekki. Í reglugerðinni kemur einnig fram að starfsfólki er óheimilt að leggja annað starfsfólk í einelti á vinnustað eða áreita eða beita aðra ofbeldi á vinnustað. Þar er einnig kveðið á um skyldur starfsfólks sem telur sig hafa orðið fyrir einelti hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustað, til að láta yfirmann eða trúnaðarmann á vinnustað vita og ef næsti fyrirmaður á hlut að máli, að leita þá til næsta yfirmanns þar fyrir ofan.

Í þessari skýrslu er einelti á vinnustað skoðað fyrir árin 2010, 2011, 2013 og 2015. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013 og 16 annara sveitarfélaga árið 2015. Skýrslunni er skipt upp í fimm hluta; (1) Einelti á núverandi vinnustað, (2) Orðið fyrir einelti, (3) Gerendur í eineltismálum, (4) Vitni að einelti á vinnustað og (5) samantekt.


Einelti mælt með spurningunni: „Hefur þú orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni. Útskýrt var á undan spurningunni að einelti fæli í sér særandi og/eða niðurlægjandi framkomu gagnvart einstaklingi. Framkoman er síendurtekin og stendur yfir í nokkurn tíma, vikur, mánuði eða ár.

Einnig var spurt á eftirfarandi hátt út í gerendur í eineltinu: „Hver var gerandinn í eineltinu?“ Merkja mátti við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar/næsti fyrirmaður, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

Í fyrirlögninni 2015 var jafnframt spurt hvort viðkomandi hafi orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað. Spurt var: „Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2) Já, á mínum vinnustað, (3) já, á öðrum vinnustað hjá sveitarfélaginu. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að einelti á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjir hafa verið gerendur í eineltinu sem þú hefur orðið vitni að. Svarmöguleika voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

EINELTI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.




Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir einelti á núverandi vinnustað mældist í 5-9%, lang hæst í fyrirlögninni 2011.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hafði oftar en einu sinni orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað jókst á milli fyrirlagnanna 2010 og 2011 og mældist svo mjög svipað í fyrirlögnunum 2011 og 2013.

ORÐIÐ FYRIR EINELTI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Myndin sýnir hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum eftir fyrirlögnum bæði fyrir starfsfólk sveitarfélagsins sem og starfsfólk allra sveitarfélaga í rannsókninni.




Mynd 2. Já, ég hef orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.

Niðurstöðurnar sýna að einelti mældist á bilinu 10-16%, lægst í fyrirlögninni 2013 og hæst í fyrirlögninni 2015. Niðurstöðurnar sýna einnig að hlutfall þeirra sem hafði orðið fyrir einelti á vinnustað mældist hærra en hjá starfsfólki allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnunum nema í fyrirlögninni 2013.

Horft eingöngu til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að einelti mældist á bilinu 8-13%, lægst í fyrirlögninni 2010 og hæst í fyrirlögninni 2015. Hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum jókst í milli fyrstu fjögurra fyrirlagnanna, en minnkaði í síðustu fyrirlögninni.

GERENDUR Í EINELTINU Á VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fjallað um gerendur í eineltinu á vinnustað. Spurt var: „Hver var gerandinn í eineltinu?“ Merkja mátti við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar/næsti yfirmaður, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.




Mynd 3. Hver var gerandinn í eineltinu?

Sjá má að algengast var að stjórnandi hafi verið gerandi í eineltinu í fyrirlögninni 2010 en vinnufélagar í hinum fyrirlögnunum. Jafnframt má að í fyrirlögninni 2013 merkti um 31% starfsfólks við annan sem geranda í eineltinu.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í eineltinu eða í um 56-65% tilvika og stjórnendur eða næsti yfirmaður í um 28-33% tilvika.

VITNI AÐ EINELTI Á VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið vitni að einelti á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögnunum 2015 og 2019. Spurt var: „Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2) Já, á mínum vinnustað, (3) já, á öðrum vinnustað hjá sveitarfélaginu. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að einelti á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjir hafa verið gerendur í eineltinu sem þú hefur orðið vitni að. Svarmöguleika voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



Mynd 4. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að um 12% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015. Einnig má sjá að hlutfallið er lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 14% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015.



Mynd 5. Hverjir hafa verið gerendur í eineltinu sem þú varst vitni að?

Sjá má að algengast er að vinnufélagar hafi verið gerendur í eineltinu sem starfsfólk varð vitni að eða í rúm 68% tilvika. Einnig má sjá að mun lægra hlutfall stjórnenda voru gerendur í eineltinu sem starfsfólk varð vitni að hjá starfsfólkinu heldur en starfsfólki allra sveitarfélaga í rannsókninni.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast er að vinnufélagar hafi verið gerendur í eineltinu sem starfsfólk varð vitni að. Einnig má sjá að í fyrirlögninni 2015 var mun hærra hlutfall stjórnenda gerendur í eineltinu sem starfsfólk varð vitni að heldur en í fyrirlögninni 2019.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er einelti á vinnustað skoðað fyrir árin 2010, 2011, 2013 og 2015. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013 og 16 annara sveitarfélaga árið 2015. Fjallað er um einelti á núverandi vinnustað, gerendur í eineltinu og hvort starfsfólk hafi orðið vitni að einelti á vinnustaðnum og þá gerendur í því einelti.

Niðurstöðurnar sýna að einelti mældist á bilinu 10-16%, lægst í fyrirlögninni 2013 og hæst í fyrirlögninni 2015. Niðurstöðurnar sýna einnig að hlutfall þeirra sem hafði orðið fyrir einelti á vinnustað mældist hærra en hjá starfsfólki allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnunum nema í fyrirlögninni 2013.

Niðurstöðurnar sýna einnig að algengast var að stjórnandi hafi verið gerandi í eineltinu í fyrirlögninni 2010 en gerendur í hinum fyrirlögnunum. Jafnframt má að í fyrirlögninni 2013 merkti um 31% starfsfólks við annan sem geranda í eineltinu.

Um 12% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015. Einnig má sjá að hlutfallið er lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni. Niðurstöðurnar sýna einnig að algengast er að vinnufélagar hafi verið gerendur í eineltinu sem starfsfólk varð vitni að. Einnig má sjá að í fyrirlögninni 2015 var mun hærra hlutfall stjórnenda gerendur í eineltinu sem starfsfólk varð vitni að heldur en í fyrirlögninni 2019.

.